

GJALDSKRÁ um fráveitugjald í Seltjarnarneskaupstað.

1. gr.

Af öllum fasteignum í Seltjarnarneskaupstað, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem holræsalagnir liggja, skal greiða árlegt fráveitugjald til bæjarsjóðs Seltjarnarneskaupstaðar.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skv. 1. gr. skal vera 0,097% af fasteignamati allra húsa og lóða skv. lögum um skáningu og mat fasteigna nr. 6/2001 með síðari breytingum.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekkert fráveitugjald.

3. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bærstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Skráður eigandi fasteignar skv. matsskrá Fasteignamats ríkisins eða skráður umráðandi ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

4. gr.

Húseigandi og lóðarhafi, lóðareigandi, ef um eignarlóð er að ræða bera ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds, og er gjaldið tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er samkvæmt samþykkt bærstjórnar um álagningu fráveitugjalds frá 28. nóvember 2007 sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, öðlast þegar gildi.

Seltjarnarnesi, 24. janúar 2008.

Jónmundur Guðmarsson bærstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 5. febrúar 2008